

Paulinn 2025

Fullorðnir

Reistarárskarð

Ekið er að bænum Freyjulundi í Arnarneshreppi og bílum lagt við réttina sem þar er. Stefnan er tekin á göngubrú sem er þar skammt frá. Farið yfir brúna og gengið upp með Reistaránni að sunnanverðu að áfangastað. Á einum stað er komið að gaddavírsgirðingu, gengið er örstutt með henni í suðurátt þar sem hægt er að komast í gegnum hana eða yfir hana. Eftir skamma göngu er komið að fyrsta fossinum en talsvert ofar tekur við röð fallegra en misstórra fossa í ánni. Við efsta fossinn er svolítið klettabelti sem þarf að fara upp og hér skal hafa aðgát, sérstaklega á niðurleið. Þar uppi er ofurlítill varða en þar skal ekki stoppa heldur halda um 100 metra ofar að öðrum fossi sem þar er í fallegu klettabelti með nokkrum stórum grjóthnullungum. Þegar þangað er komið er ágætt að fara að skima eftir Þaulakassanum.

Það þarf hins vegar ekki endilega að enda hér því nokkru ofar er enn einn fossinn og ekki heldur langt upp í skarðið sjálft ef fólk vill fá lengri göngu.

Vegalengd fram og til baka er 3,5 km.

Gönguhækkun um 380 m.

Athugið:

Göngufólk er vinsamlegast beðið um að sýna náttúrunni virðingu. Þar sem farið er um afréttarland er ekki æskilegt að vera með lausa hunda og ef opna þarf hlið á göngunni er nauðsynlegt að muna eftir að loka þeim aftur.